

Ed.

25. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 19. maí 1930, um Menntaskóla á Akureyri.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson, Haraldur Guðmundsson, Bernharð Stefánsson,
Lárus Jóhannesson.

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Um fjölda kennslustunda skólameistara og kennara skal á hverjum tíma farið eftir reglugerð fyrir Menntaskóla Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er fram komið vegna mismunar, er nú á sér stað, á kjörum kennara við menntaskólana í Reykjavík og á Akureyri.

Samkvæmt lögum frá 19. maí 1930, nr. 32, um Menntaskóla á Akureyri, ber kennurum þar að inna af hendi 26 stunda kennslu á viku, er lækka má niður í 22 stundir, ef um mikla heimavinnu er að ræða vegna skriflegra verkefna. Hins vegar er svo á kveðið í reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík frá 8. febr. 1937, 63. gr., að kennarar þar skuli kenna 24 stundir á viku með þriggja til fimm stunda afslætti vegna heimavinnu. Yfirkennarar, þ. e. þeir, er gegnt hafa kennslu í 16 ár, skulu þó eigi skyldir að kenna meir en 22 stundir vikulega og yfirkennarar komnir yfir sextugt 20 stundir. Er þessi mismunandi ákvæði voru sett um vinnuskyldu kennaranna á Akureyri og í Reykjavík, hagaði svo til, að kennslutíminn árlega var lítið eitt skemmri nyrðra og nokkru ódýrari framfærsla þar en í Reykjavík. Sættu því kennarar við Akureyrarskólann sig við þann mun, er þeim var búinn um vinnuskyldu af ríkisvaldinu.

Nú eru hins vegar ástæður þessar úr sögunni. Menntaskólarnir starfa nú jafnlengi og dýrtið að kalla hin sama á Akureyri og í Reykjavík. Þykir því öll sanngirnni mæla með, að starfsmönnum þessara stofnana séu búin sömu kjör, eins og hér er ráð fyrir gert.